

Ed.

466. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um fræðslu barna
frá 22. nóv. 1907 (þingskjal 448).

Frá Jens Pálssyni og Kristni Danielssyni.

Framan við frumvarpið bætist svohljóðandi grein (og verði 1. gr. þess), og breytist greinatalan því samkvæmt:

Þá er reist er af stofni barnafræðsluhús (skólahús) eða stækkað eða endurbyggt til afnota samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907, skulu bæjarstjórnir og sveitarstjórnir, þær er hlut eiga að máli, annast um bygginguna eftir teikning, sem yfirstjórn barnafræðslumála hefir samþykkt, og afhenda síðan skólanefnd eða fræðslunefnd húsið til umsjónar og notkunar.